

Fimmtudaginn 14. október 1993.

Nr. 306/1993. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Sigtryggi Páli Sigtryggssyni

(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.) og

Jóni Breiðfjörð Höskuldssyni

(Magnús Thoroddsen hrl.).

Fjárdráttur. Félagsgjöld. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Ákærðu áfrýjuðu héraðsdómi í heild sinni til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 1. mgr. 149. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Af hálfu ákærvalds var málinu áfrýjað með stefnu 23. júlí 1993 til þyngingar á refsingu.

Samkvæmt fram lagðri tilkynningu frá Blikkveri hf. til Hluta-félagaskrár 7. júní 1988 voru ákærðu kosnir í stjórn félagsins þann dag, og var ákærði Sigtryggur Páll Sigtryggsson stjórnarformaður, en ákærði Jón Breiðfjörð Höskuldsson ritari. Bera þeir frá þeim tíma fulla ábyrgð á vanskilum félagsins á félagsgjöldum starfsmanna þess til Félags blikksmiða, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

Með þessari athugasemd verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur með skírskotun til forsendna hans, en skaðabótakrafa Félags blikksmiða er ekki til endurskoðunar fyrir Hæstarétti, sbr. 1. mgr. 173. gr. laga nr. 19/1991.

Ákærðu skulu greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði Sigtryggur Páll Sigtryggsson greiði skipuðum verjanda sínum, Kjartani Reyni Ólafssyni hæstaréttarlögmanni, 35.000 krónur í málsvarnarlaun fyrir Hæstarétti.

Ákærði Jón Breiðfjörð Höskuldsson greiði skipuðum verjanda sínum, Magnúsi Thoroddsen hæstaréttarlögmanni, 35.000 krónur í málsvarnarlaun fyrir Hæstarétti.

Annar áfrýjunarkostnað málsins greiði ákærðu sameiginlega, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000 krónur.

S é r a t k v æ ð i

Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Atferli það, sem ákærðu er gefið að sök, átti sér stað á árinu 1988. Það var kært til Rannsóknarlögreglu ríkisins með bréfi á vegum Félags blikksmiða 5. ágúst 1990. Því erindi fylgdu ekki fullnægjandi gögn að mati lögreglunnar, og var ekki úr því bætt fyrr en 7. ágúst 1991. Á rannsókn málsins eftir það varð nokkur töf vegna anna hjá lögreglunni, og voru rannsóknargögn ekki send ríkissaksóknara fyrr en í desember 1992. Ákæra var svo gefin út 6. apríl 1993, án þess að frekari gögn kæmu til.

Telja verður á það skorta, að æskileg gögn um fjárreiður Blikkvers hf. árið 1988 og gjaldþrot félagsins, sem fylgdi í kjölfarið í apríl 1989, kæmu fram í málinu. Úr því hefði mátt bæta við flutning þess í héraði, og teldi ég ástæðu til að vísa málinu heim til frekari meðferðar og dómálagningar að nýju. Þar sem aðrir dómendur telja hins vegar rétt að leggja efnisdóm á málið, eins og það liggur fyrir, mun ég taka þátt í þeirri úrlausn þess, sbr. 1. mgr. 53. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Á grundvelli þeirra forsendna, sem vísað er til í atkvæði annarra dómenda, er ég að öllu leyti samþykkur þeirri niðurstöðu, að ákærðu hafi brotið gegn 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með háttsemi sinni við skil Blikkvers hf. á félagsgjöldum starfsmanna til Félags blikksmiða. Þau gjöld voru hin veigaminnstu þeirra greiðslna, sem félaginu bar að standa skil á vegna starfsmanna sinna samkvæmt lögum og kjarasamningum, en eru þó hin einu, sem orðið hafa tilefni að ákæru. Með tilliti til þessa og til aldurs málsins tel ég rétt, að frestað verði ákvörðun refsingar á hendur ákærðu á grundvelli a-liðar 1. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, enda haldi þeir almennt skilorð 3. mgr. sömu greinar í tvö ár frá uppsögu dóms í málinu.

Ég er sammála öðrum dómendum um sakarkostnað.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 3. júní 1993.

Mál þetta var höfðað með birtingu ákæru ríkissaksóknara, útg. 6. apríl sl. Ákærðu eru Sigtryggur P. Sigtryggsson, kt. 180759-2049, Hlíðarhjalla 20, Kópavogi, og Jón Breiðfjörð Höskuldsson, kt. 220838-7579, Litlabæjarvör 15, Bessastaðahreppi, áður Þinghólsbraut 41, Kópavogi. Ákærða Sigtryggi var birt ákæran 27. apríl sl. og ákærða Jóni Breiðfjörð 29. sama mán. Málið var þingfest 10. maí sl. Það var tekið til dóms að loknum aðalflutningi 26. sama mán.

Í ákæruskjali er ákærðu gefinn að sök fjárdráttur „með því að hafa á tímabilinu frá 26. maí til 9. desember 1988 sem forráðamenn hlutafélagsins Blikkvers, Skeljabrekku 4, Kópavogi, ákærði Sigtryggur sem stjórnarformaður og prókúruhafi og ákærði Jón Breiðfjörð sem stjórnarmaður og prókúruhafi, haldið eftir af launum tíu starfsmanna félagsins samtals 65.538 kr. í félagsgjöld til Lífeyrissjóðs málm- og skipasmiða sem innheimtuaðila fyrir Félag blikksmiða, Suðurlandsbraut 30, Reykjavík, en eigi staðið skil á fé þessu, heldur dregið félaginu þetta fé og notað í rekstur þess.

Telst þetta varða við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar.

Lögheimtan hf., Laugavegi 97, Reykjavík, gerir þær kröfur í málinu, að ákærðu verði dæmdir til að greiða Félagi blikksmiða 65.538 kr. í skaðabætur auk vaxta og kostnaðar“.

Í símbréfi Bjarna Þórs Óskarssonar hdl. f. h. Lögheimtunnar, sem dags. er 10. maí sl. og lagt fram í þinghaldi sama dag, segir: „Gerð er krafa til þess, að hinir ákærðu verði óskipt dæmdir til greiðslu skaðabóta vegna gjalda starfsmanna Blikkvers hf., sem dregin voru af launum þeirra, en ekki skilað“, — einnig: „Krafist er dóms fyrir 65.538 kr. auk dráttarvaxta skv. 10. og 14. gr. vaxtalaga nr. 25/1987

af 2.550 kr. frá 1. 6. 1988 til 1. 7. 1988,

af 15.000 kr. frá þ. d. til 1. 8. 1988,

af 24.900 kr. frá þ. d. til 1. 9. 1988,

af 33.738 kr. frá þ. d. til 1. 10. 1988,

af 45.438 kr. frá þ. d. til 1. 11. 1988,

af 53.838 kr. frá þ. d. til 1. 12. 1988,

af 61.488 kr. frá þ. d. til 1. 1. 1989,

af 65.538 kr. frá þ. d. til greiðsludags

auk innheimtukostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ, 29.868 kr.“

— — —

Framburður ákærðu.

Ákærði Sigtryggur P. Sigtryggsson neitaði því að vera sekur um fjárdrátt. Hann kvað sér ekki vera kunnugt um, hvort félagsgjöld starfsmanna

til Félags blikksmiða hefðu verið dregin af launum þeirra né hvort þeim hefði verið skilað, þar sem hann hefði ekki annast dagleg fjármál fyrirtækisins. Hann kvað sér þó hafa verið kunnugt um skyldu fyrirtækisins til að halda félagsgjöldunum eftir af launum, þar sem hann hefði stjórnað sams konar rekstri Blikkáss hf. Hann kannaðist við að hafa verið stjórnarformaður og prókúruhafi Blikkvers hf., eftir að hann og meðákærði keyptu hluti í félaginu. Hann kvað starf sitt fyrir félagið hafa falist í því að stýra verkefnum, gera tilboð í verk og stýra daglegri vinnslu á verkefnum. Hann hefði ekki farið með dagleg fjármál fyrirtækisins, nema hvað hann hefði greitt laun, þegar meðákærði var fjarverandi. Sérstaklega um það spurður, sagði hann það rétt vera, að hann og meðákærði, Jón Breiðfjörð, hefðu myndað eins konar framkvæmdastjórn Blikkvers hf.

Þá kom það fram hjá ákærða Sigtryggi, að hann hefði ekki þegið laun frá Blikkveri hf. Hann hefði tekið laun sín hjá Blikkási hf., sem hann hefði rekið jafnframt því, að hann starfaði fyrir Blikkver.

Í skýrslu ákærða fyrir lögreglu, sem hann staðfesti fyrir dómi, kemur m. a. þetta fram:

„Mætti segir, að krafan vegna þessara félagsgjalda hafi auðvitað bara verið dropi í hafið í allri skuldasúpunni, og auðvitað hefði verið hægt að greiða þessi félagsgjöld, ef annað hefði verið látið sitja á hakanum. En ákveðið hefði verið að vera ekki að gera neitt upp á milli aðila, að greiða einum, en ekki öðrum, heldur láta þetta fara í einum „pakka“ til skiptaráðanda.“ Ákærði gerði hér fyrir dómi þær athugasemdir við þessi ummæli sín, að hann hefði þarna verið að tjá sig um skilagreinar, sem rannsóknari hefði rétt að sér. Heildarskuldarnar hefðu verið mjög háar, og sér hefði aldrei verið bent sérstaklega á þessa félagsgjaldaskuld. Miðað við þær kröfur, sem sér hefði verið kunnugt um að leikslokum, væri félagsgjaldakrafan sáralítill.

Í skýrslu ákærða hér fyrir dómi kom fram, að Blikkás hf. hefði greitt fyrir vélarnar og tækin, sem hann keypti af Blikkveri hf., með skuldabréfi. Það hefði verið til fjögurra eða fimm ára með jöfnum greiðslum á þriggja eða fjögurra mánaða fresti. Þetta bréf hefði ekki verið selt, það hefði farið í innheimtu í Sparisjóð Kópavogs. Hann kvaðst alla tíð hafa greitt af þessu bréfi, það væri enn í skilum. Sér væri ekki kunnugt, hver væri núverandi eigandi þess. Þetta bréf, sagði ákærði, að hefði komið til skipta í þrotabúinu ásamt útistandandi viðskiptakröfum og öðrum eignum.

Í skýrslu sinni fyrir lögreglu óskaði ákærði eftir því, að kannað yrði, hvort krafa hefði verið gerð í þrotabú Blikkvers hf. vegna félagsgjaldanna, og þá, hver hefði orðið afgreiðsla þeirrar kröfu.

Ákærði Sigtryggur hafnaði skyldu sinni til að greiða skaðabótakröfuna, sbr. ákæru.

Ákærði Jón Breiðfjörð Höskuldsson kannaðist við að hafa verið

stjórnarmaður og prókúruhafi í Blikkveri hf., eftir að hann varð þar hluthafi. Sagði hann það hafa verið í júní 1988. Hann hefði starfað hjá félaginu áður, frá því í október 1987. Hann hefði fengið það hlutverk að laga þar til í fjármálum og unnið að því í átta mánuði. Blikkver hefði þá verið í mikilli skuld við Lífeyrissjóð málm- og skipasmiða, en hún hefði að mestu leyti verið greidd í apríl 1988. „Við borguðum á þriðju milljón í einu lagi, ef ég man rétt,“ sagði ákærði.

Ákærði kvaðst sem starfsmaður Blikkvers hafa annast fjárreiður fyrirtækisins, séð um innheimtu og kaup á hráefni. Hann hefði stjórnað fjármálum.

Hann kvaðst ekki rengja töluna 65.538 kr., sem væri skv. skilagreinum, sem sendar hefðu verið Lífeyrissjóði málm- og skipasmiða. Þarna væri um hluta af launum starfsmanna að ræða, sem ekki hefðu verið greidd. Laun hefðu verið greidd vikulega, á föstudögum. Þessi hluti af launum hefði orðið eftir, vegna þess að ekki hefðu verið til peningar í fyrirtækinu til að ljúka þessum greiðslum.

Ákærði Jón Breiðfjörð kvaðst ekki viðurkenna, að hann væri sekur um fjádrátt, þar sem ekkert fé hefði verið til að skila. Hann var að því spurður, hvort fyrirtækið hefði ekki verið með bókfært fé í rekstri sínum, sem því hefði borið að skila til Lífeyrissjóðs málm- og skipasmiða vegna Félags blikksmiða. Svaraði hann því til, að engu hefði verið leynt um það, þetta stæði skilmerkilega á öllum launaseðlum, og skilagreinar hefðu verið sendar inn og ekki verið vefngdar á neinn máta.

Í skýrslu, sem tekin var af ákærða fyrir lögreglu og hann staðfesti hér fyrir dómi, segir:

„Mætta er bent á, að þessi félagsgjöld séu svo litlar upphæðir, að það hefði átt að vera hægt að skila þeim, þar sem hægt var að reka félagið áfram í nokkra mánuði eftir þessi vanskil. Mætti segir, að auðvitað hefði verið hægt að greiða þetta félagsgjald eitt og sér, en hann telji, að það hafi verið í framangreindum „pakka“ með lífeyrissjóðsgjöldunum og fleira, og sá „pakki“ hafi verið orðinn of stór, til að hægt væri að vinna hann upp, svo að ekkert væri í vanskilum.“ Enn fremur:

„Mætti segir, að þarna hafi ekki verið um neina ákvörðun að ræða. Þetta hafi verið stór pakki launatengdra gjalda, sem hafi verið kominn í vanskil, eins og að framan greinir.“

Ákærði Jón Breiðfjörð hafnaði því að greiða bótakröfu.

— — —

Niðurstöður.

EKKI verður á það fallist, að mál þetta sé ekki nægilega og réttilega rannsakað, að því er varðar ætlaða refsiverða háttsemi ákærðu.

Sannað er, svo sem í ákæru greinir, að á tímabilinu 26. maí til 9. desember 1988 voru dregin af launum tíu starfsmanna Blikkvers hf. félagsgjöld, að fjárhæð samtals 65.538 kr., og fjárhæð þessari var ekki skilað til Lífeyrissjóðs málm- og skipasmiða sem innheimtuaðila fyrir Félag blikksmiða.

Ákærðu voru báðir stjórnarmenn í Blikkveri hf. frá því fyrir mitt ár 1988. Víst má telja, að ákærði Sigtryggur hafi verið farinn að hlutast til um málefni félagsins ásamt ákærða Jóni Breiðfjörð ekki síðar en í apríl það ár, þegar lokið er greiðslu á gömlum skuldum félagsins við Lífeyrissjóð málm- og skipasmiða. Sigtryggur var stjórnarformaður og Jón Breiðfjörð ritari stjórnar. Þeir höfðu báðir með höndum framkvæmdastjórn fyrir félagið, svo sem fram kemur í framburði þeirra fyrir dóminum. Sameiginlega mynduðu þeir framkvæmdastjórn fyrir félagið. Þeir bera því báðir ábyrgð á því, að félagsgjöldum starfsmanna félagsins var ekki skilað til innheimtu- aðila fyrir Félag blikksmiða, sbr. 52. gr. hlutafélagalaga nr. 32/1978. Ákærði Sigtryggur gat ekki sem framkvæmdastjóri og stjórnarformaður gengið þess dulinn, að lögbundnum greiðslum var ekki í meira en hálft ár skilað til Lífeyrissjóðs málm- og skipasmiða, þótt hann færi ekki með daglega fjármálastjórn.

Ákærðu var báðum ljós skylda félagsins til að draga félagsgjöldin af launum starfsmanna, áður en þau voru greidd út. Þau voru hluti launa, sem ganga áttu til stéttarfélagsins. Af hálfu ákærðu hefur sú vörn verið höfð uppi, að þeir hafi hvorugur gerst sekir um fjárdrátt, vegna þess að ekki hafi verið til fé í fyrirtækinu til að greiða þann hluta launanna, sem renna átti til Lífeyrissjóðs málm- og skipasmiða sem lífeyrissjóðsiðgjöld, félagsgjöld o. fl. Fyrirtækið hafi verið illa statt fjárhagslega, og þetta hafi aðeins verið hluti af heildarskuldunum. Dómari lítur svo á, að þessi vörn fái ekki staðist. Laun voru greidd starfsmönnum vikulega um hálfs árs skeið, án þess að skilað væri þeim hluta þeirra, sem halda bar eftir, m. a. félagsgjöldum. Óhugsandi er, að allan þann tíma hafi í viku hverri verið til í fyrirtækinu fé til greiðslu þess hluta launanna, sem óhjákvæmilegt var að greiða til að halda því gangandi, en aldrei neitt af því fé, sem félaginu bar skylda til að halda eftir. Er því sýnt, að því fé hefur ekki verið haldið sérgreindu í rekstri félagsins. Hlýtur þetta að hafa verið báðum ákærðu ljóst. Sök þeirra beggja telst því sönnuð. Fellur háttsemi þeirra hvors um sig undir ákvæði 1. mgr. 247. gr. alm. hegningarlaga, svo sem talið er í ákæru.

Ekki liggur fyrir, hvort kröfu vegna ógreiddra félagsgjalda til Félags blikksmiða var lýst í þrotabú Blikkvers hf., og ef svo var, er jafnóljóst, hvort eitthvað hefur upp í hana greiðst. Krafa þessi myndi hafa verið forgangskrafa skv. 1. tl. 84. gr. skiptalaga nr. 3/1878, sbr. 1. gr. laga nr. 23/1979, sbr. 78. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Rannsókn málsins er að

þessu leyti áfátt, þrátt fyrir það að ákærði Sigtryggur óskaði eftir því við rannsóknarlögreglumann, að þessi atriði yrðu könnuð. Verður af þessum sökum að vísa bótakröfunni á hendur ákærðu frá dómi ex officio.

Báðir ákærðu eru sakhæfir. Hvorugur þeirra hefur hlotið dóm eða gengist undir dómsátt vegna refsiverðs verknaðar. Þykir refsing hvors þeirra hæfilega ákveðin tveggja mánaða fangelsi, en rétt þykir að fresta refsingu, og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærðu halda almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Þá ber að dæma ákærðu til að greiða in solidum allan sakarkostnað annan en málsvarnarlaun verjenda sinna, þ. m. t. málsóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 kr. Ákærði Sigtryggur P. Sigtryggsson verður dæmdur til að greiða verjanda sínum, Ásgeiri Björnssyni hdl., 35.000 kr. í málsvarnarlaun, og ákærði Jón Breiðfjörð Höskuldsson verður dæmdur til að greiða verjanda sínum, Brynjari Nielssyni hdl., 35.000 kr. í málsvarnarlaun. Við fjárhæðir málsvarnarlauna bætist virðisaukaskattur.

Rannsókn máls þessa hefur tafist meira en góðu hófi gegnir. Í greinargerð rannsóknara, Guðmundar Gígju lögreglufulltrúa, segir: „Kæran í máli þessu barst RLR 13. ágúst 1990, en fullnægjandi kærugögn höfðu ekki borist fyrr en 7. ágúst 1991. Aðrar tafir í rannsókn þessa máls eru vegna mála-fjölda hjá RLR.“ Greinargerðin er undirrituð 3. nóvember 1992.

Finnur Torfi Hjörleifsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Ákærði Sigtryggur P. Sigtryggsson sæti tveggja mánaða fangelsi. Refsingunni skal fresta og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, ef dómþoli heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði Jón Breiðfjörð Höskuldsson sæti tveggja mánaða fangelsi. Refsingunni skal fresta og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, ef dómþoli heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Skaðabótakröfu Lögheimtunnar hf. f. h. Félags blikksmiða á hendur báðum ákærðu samkv. ákæruskjali er vísað frá dómi.

Ákærði Sigtryggur P. Sigtryggsson greiði verjanda sínum, Ásgeiri Björnssyni hdl., 35.000 kr. í málsvarnarlaun auk virðisaukaskatts, og ákærði Jón Breiðfjörð Höskuldsson greiði verjanda sínum, Brynjari Nielssyni hdl., 35.000 kr. í málsvarnarlaun auk virðisaukaskatts. Allan annan sakarkostnað greiði ákærðu, Sigtryggur og Jón Breiðfjörð, in solidum, þ. m. t. málsóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 kr.